



Reykjavík 14. mars 2016

Ágætu forstöðumenn, bæjarstjórar og tengiliðir þeirra.

Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, hefur ákveðið í samræmi við tillögu stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, að verja um 130 milljónum króna úr Atvinnuleysistryggingasjóði til að standa straum af átaksverkefni til að fjölga tímabundnum störfum fyrir námsmenn í sumar líkt og hefur verið gert sl. sex sumur. Vinnumálastofnun mun sem fyrr stýra áttakinu sem efnt er til í samvinnu við stofnanir ríkisins og sveitarfélög.

Atvinnuástand meðal ungs fólks hefur batnað mikið undanfarið og ljóst að flestir námsmenn geta fengið sumarstarf af einhverju tagi án atbeina verkefna af þessu tagi. Þau sumarstörf eru þó í flestum tilvikum við ýmiskonar afgreiðslu- og þjónustustörf eða annars konar störf, þar sem nám þeirra nýtist ekki sem skyldi og ungmenni fá ekki mikla þjálfun í því fagi sem þau eru að mennta sig til.

Þrátt fyrir bætt atvinnuástand hafa námsmenn á háskólastigi átt erfitt með að fá starf sem tengist námi þeirra og hlutfall háskólamenntaðra atvinnuleitenda hefur aukist. Marga af þessum einstaklingum skortir því reynslu á sínu fagsviði. Með því að fá starf um skamman tíma í gegnum sumarátakið myndast reynsla og tengsl sem styrkir stöðu námsmannsins til framtíðar og eru góð dæmi um slíkt frá undanförunum árum.

Þess vegna hefur verið ákveðið að þau störf sem í boði verða af hálfu ríkisstofnana og sveitarfélaga nú í sumar séu eingöngu fyrir nemendur í háskólanámi og að störfin taki mið af því og geti talist sem starfsþjálfun háskólanema í því fagi sem hann stundar nám í.

Eftirfarandi skilyrði eru því sett vegna sumarátaksstarfa 2016 og umsækjendur að sumarátaksstarfi skulu vera:

- Nemendur sem eru milli anna á háskólastigi. (Einstaklingar sem eru að útskrifast úr framhaldsskóla og hyggja á háskólanám, eða nemendur sem eru á milli anna á framhaldsskólastigi hafa **ekki** rétt á þátttöku).
- Nemendur sem eru að **útskrifast** úr háskóla á þessu ári.
- Einstaklingar sem hafa útskrifast á þessu ári, eru án atvinnu og hafa ekki sótt um atvinnuleysisbætur.

Vinnumálastofnun hvetur nú stofnanir ríkisins og sveitarfélög til að hefja undirbúning þessa átaks og móta störf og verkefni sem fallið geta að því. Vonir standa til að með áttakinu verði til 260 tímabundin störf í sumar fyrir námsmenn á háskólastigi sem skiptast á milli opinberra stofnanna og sveitarfélaga. Stefnt er að því að ljúka undirbúningi átaksins á næstu vikum þannig að unnt verði að auglýsa störfin um miðjan apríl. Sú breyting verður nú gerð að öll störfin (einnig störf á vegum sveitarfélaganna) verða auglýst á heimasíðu [Vinnumálastofnunar](#) og með auglýsingu um áttakið í fjölmiðlum. Námsmenn sækja rafrænt um störf líkt og áður. Verkefninu er eingöngu beint að námsmönnum í atvinnuleit sem uppfylla skilyrðin sem áður eru nefnd.

Framlag Atvinnuleysistryggingasjóðs nemur nú að hámarki grunnfjárhæð atvinnuleysisbóta (+8% framlags í lífeyrissjóð) fyrir hvert starf samtals **202.054 kr. á mánuð.**

Nánari fyrirmæli og útskýringar verða send ykkur í næstu viku en hér að neðan eru helstu minnisatriði og dagsetningar varðandi verkefnið sem gott er að lesa vel yfir:

1. Ráðningartími námsmanna er að hámarki **tveir mánuðir**. Miðað er við tímabilið frá 1. júní – 31. ágúst.
2. Viðkomandi stofnun eða sveitarfélag þarf að senda upplýsingar um fjölda starfa sem þeir óska eftir að ráða í, til og með **18. mars** nk. á neðangreint netfang.
3. Viðkomandi stofnun eða sveitarfélag fá upplýsingar um fjölda ráðningarheimilda ásamt lykilorði þriðjudaginn **5. apríl**. Þá er hægt að skrá störf inn á vef Vinnumálastofnunar á þar til gert rafrænt eyðublað. Skilafrestur á skráðum störfum til stofnunarinnar verður til **miðvikudaginn 13. apríl**. Upplýsingar um skráningarferlið verður sent út síðar.
4. Átakið verður auglýst með auglýsingu í fjölmiðlum og á vef Vinnumálastofnunar: www.vmst.is helgina 16.-17. apríl.
5. Opnað verður fyrir umsóknir mánudaginn 18. apríl
6. Umsóknarfrestur verður til **2. maí**.
7. Öll störf verða auglýst á heimasíðu Vinnumálastofnunar þar sem hægt verður að finna nánari upplýsingar um þau.
8. Sækja á um störf in gegnum vef Vinnumálastofnunar og verða nánari upplýsingar sendar þar um.
9. Svára þarf **öllum** umsækjendum sem sækja um starf.
10. Um ráðningar vegna þessa verkefnis **gilda lög um réttindi og skyldur** starfsmanna ríkisins.
11. Laun skulu aldrei vera lægri en **gildandi kjarasamningar segja til um**.
12. Uppgjör við Vinnumálastofnun vegna þeirra starfa sem þátttakendur í verkefninu ráða í, fer fram í lok sumars. Nánari fyrirmæli um það verða send út síðar.

Óskir um fjölda ráðninga sendist á: sumarstorf@vmst.is

Tengiliður verkefnisins hjá Vinnumálastofnun er **Margrét Lind Ólafsdóttir**,

netfang: margret.olafsdottir@vmst.is

Með góðri samstarfskveðju,

Gissur Pétursson forstjóri Vinnumálastofnunar